

Jakob Gunnarsson
Skipulagsstofnun
Borgartún 7B
105 Reykjavík
skipulag@skipulag.is



Múlathing
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir
mulathing@mulathing.is

Reykjavík 10. febrúar 2022

Efni: Vindorkuver í landi Klaustursels, Múlþingi.

Hinn 16. febrúar 2022 birtist á vef Skipulagsstofnunar forsamráð vegna vindorkuvers í landi Klaustursels, Múlþingi. Er um að ræða áform fyrirtæksins Zephyr-Iceland um að reisa í áföngum vindorkuver í landi Klaustursels í Jökuldal. Samkvæmt þessum áformum mun 1. áfangi verða 40 – 50 MW en lokastærð versins eru áformuð að geti orðið allt að 250 MW. Málið hefur verið yfirfarið á vettvangi Samtaka ferðapjónustunnar – SAF. Samtökin vilja koma með eftirfarandi athugasemdir við áformin:

Í fundargerð sem birt var með áformunum kom fram ábending frá einum fulltrúa Múlþings um að Stuðlagil væri í næsta nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði og að athuga yrði með sýnileika vindmyllnanna þaðan.

SAF taka undir þessar áhyggjur. Stuðlagil er einn stærsti og eftirsóttasti ferðamannastaður svæðisins. Stjórnvöld verða að huga að seglum eins og Stuðlagili og fara varlega með að skipuleggja iðnaðarsvæði nálægt mikilvægum seglum í náttúru landsins. Stuðlagil er mjög mikilvægt fyrir svæðið og allt rask á svæðinu sem getur haft áhrif á upplifun ferðafólks af náttúruperlunni verður að íhuga mjög vandlega.

Vindmyllugörðum fylgir sjón- og hljóðmengun

Í gögnum um áformin kemur fram að Stuðlagil fellur innan vænts sýnileikasvæðis vindorkuversins. Vindmyllur hafa sjónræn áhrif og því stærra og fleiri sem þær eru því meiri áhrif. Öll óæskileg sjónmengun hefur neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna og því gæti helsta aðdráttarafl svæðisins orðið fyrir tjóni. Það verður því að velja staðsetningu og útfærslu vindmyllna mjög vel og gæta að áhrifum þeirra á ferðamenn hvað varðar sjón- og hljóðmengun.

Samtök ferðapjónustunnar áréttu að þegar ákvarðanir eru teknar um staðsetningu vindorkuvera er afar mikilvægt að staðsetning ferðamannastaða og hugsanleg truflun á upplifun og önnur áhrif á ferðapjónustu á viðkomandi svæði séu tekin inn í mat á fýsileika verkefnanna.

Það þarf að meta efnahagslegt vægi svæðisins í heild samhliða mati á áhrifum vindorkuvera t.d. á upplifun ferðamanna. Það þarf huga að samspili náttúru- og ferðamannastaða, minjastaða og vindmylla út frá sjónmengun og mögulegri truflun á upplifun gesta á staðnum.

Samtökin benda á skýrslu¹ sem unnin var fyrir danska umhverfissráðuneytið um áhrif vindorkuvera á landslagið út frá sjónmengun. Í skýrslunni kemur m.a. fram að mikilvægt sé að horfa vandlega til staðsetningar á vindorkuverum þar sem vindmyllur eru gríðarlega ráðandi í landslaginu og upplifun af slíkum svæðum breytist hratt úr náttúruupplifun í upplifun af iðnaðarsvæði. Þannig geta vindmyllur til dæmis haft mjög neikvæð áhrif.

Förum varlega þegar land er valið undir vindmyllur

SAF benda á að yfir 80% erlendra ferðamanna koma til landsins vegna þeirrar náttúru sem Ísland hefur upp á að bjóða. Þá skapa fyrirtæki í ferðaþjónustu fjölda starfa við þjónustu í kringum víðerni, ósnortin svæði og náttúruperlu landsins. SAF benda á að þótt vindorkuver geti haft minni óafturkræf áhrif á náttúruna en t.d. vatnsaflsvirkjanir þarf samt sem áður að fara varlega þegar teknar eru ákvarðanir um landsvæði til nýtingar undir vindorkuver og að hagsmunir af ferðaþjónustu þurfa að ætíð að vera teknir með í reikninginn.

Samtök ferðaþjónustunnar mæla sterklega gegn staðsetningu vindmyllna í nálægð við Stuðlagil þar sem ljóst er að sýnileiki þeirra frá Stuðlagili eða á leið ferðamanna að Stuðlagili myndi hafa veruleg neikvæð á upplifun ferðamanna af einni helstu náttúruperlu Austurlands sem líklegt er að myndu koma fram í lélegri verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu af ferðaþjónustu á svæðinu til lengri tíma.

Landið og náttúran er auðlind sem þarf að nýta með sjálfbærum hætti með heildarhagsmuni samfélagsins að leiðarljósi og áhrif á allar atvinnugreinar í huga. Stuðlagil er þegar orðið ein mikilvægasta náttúruauðlind Austurlands og SAF telja mikilvægt að sú auðlind sé vernduð og byggð upp sem slík til framtíðar. Samtök ferðaþjónustunnar mæla því eindregið gegn ofangreindum áformum um vindmyllugarð í landi Klaustursels á grundvelli þess að um verulega neikvæð upplifunaráhrif geti orðið að ræða á ferðaþjónustu við Stuðlagil.

Virðingarfyllt,



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

¹ https://planinfo.erhvervsstyrelsen.dk/sites/default/files/media/publikation/store-vindmoeller-i-det-aabne-land-978-87-7279-751-9_0.pdf